

**Nd.** **3. Frumvarp til laga** [3. mál]  
um Hagrannsóknastofnun og breyting á lögum nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

**1. gr.**

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Hagrannsóknastofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar.

**2. gr.**

Meðal verkefna Hagrannsóknastofnunarinnar eru þessi:

- 1) Að færa þjóðhagsreikninga.
- 2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
- 3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyzlu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess

skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.

- 4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.
- 5) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

### 3. gr.

Skýlt er að veita Hagrannsóknastofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Hagrannsóknastofnun skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

### 4. gr.

Hagrannsóknastofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnunin og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 60/1964 um breyting á lögum nr. 97/1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965 um Laxárvirkjun og Orkulögum nr. 58/1967.

### 5. gr.

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Hagrannsóknastofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

### 6. gr.

II. kafli laga nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins falli niður svo og önnur málsgrein 38. gr. sömu laga og önnur ákvæði þeirra, er varða hagrannsóknadeild og starfsemi hennar.

### 7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hagrannsóknastofnunarinnar má setja með reglugerð.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins var hagrannsóknadeild stofnunarinnar ákveðin sérstaða, að því leyti sem segir í 6. gr. laganna, að hún „heyrir beint undir ríkisstjórnina“. Ástæðurnar til þess að marka deildinni þessa sérstöðu eru einkum tvær. Annars vegar er talið æskilegt, að almenn hagrannsóknastarfsemi hafi svo óháða stöðu sem kostur er. Hins vegar er sú staðreynd, að verkefni deildarinnar, einkum það að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarhúsins, ráðuneyti við ríkisstjórnina í efnahagsmálum og almenn upplýsingaþjónusta á sviði efnahagsmála, eru afar umfangsmikil og falla að miklu leyti í sjálfstæðan farveg, sem er óháður annarri starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Reynolds, sem fengizt hefur á þeim tíma, sem Framkvæmdastofnunin hefur starfað, hefur staðfest nauðsyn sjálfstæðrar stöðu starfs hagrannsóknadeildar. Því virðist nú eðlilegt

að halda lengra í þá átt, sem mörkuð var fyrir stöðu deildarinnar í lögum um Framkvæmdastofnun. Í þeim tilgangi er þetta frumvarp um sérstaka Hagrannsóknastofnun flutt.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

**Um 1. og 2. gr.**

Í þessum greinum eru verkefni og staða stofnunarinnar ákveðin. Ákvæðin um verkefni eru hér nokkru ýtarlegri en hliðstæð ákvæði í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins og áður Efnahagsstofnun, einkum eru hér skýrari ákvæði um birtingu skýrslna, auk þess sem almennt þjónustuhlutverk stofnunarinnar við aðila vinnumarkaðarins er hér beinlínis tekið fram.

**Um 3. gr.**

Hér er um að ræða sams konar ákvæði og er að finna í fyrri löggjöf um þetta efni. Ákvæðið um byggingarskýrslur er nauðsynlegt vegna skýrslna um fjárfestingar- og byggingarstarfsemi.

**Um 4. gr.**

Hér er gert ráð fyrir, að ákveðin verkefni, sem falin voru Efnahagsstofnuninni og síðar Framkvæmdastofnun ríkisins, flytjist til Hagrannsóknastofnunar.

Þessi verkefni eru:

1. Skv. 1. mgr., 2. gr. laga nr. 60/1964: Oddamannsstarf í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins.
2. Skv. 1. mgr., 11. gr. laga nr. 59/1965, 8. gr. laga nr. 60/1965 og 4. gr. og 1. mgr. 62. gr. laga nr. 58/1967: Umsagnar- og tillöguhlutverk um rafmagnsverð Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og sæti í Tækninefnd Orkustofnunar.

**Um 5. gr.**

Hér er gert ráð fyrir, að kostnaður af rekstri stofnunarinnar verði borinn sameiginlega af Ríkissjóði og Seðlabanka Íslands, og að þeir geri með sér samning um fjármál stofnunarinnar. Í þessum samningi yrði kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og samþykkt þeirra af hálfu kostnaðaraðila svo og önnur fjárhagsmálefni stofnunarinnar.

**Um 6. gr.**

Þessi grein felur í sér tillögu um samræmingu á ákvæðum laga nr. 93/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins og ákvæðum þessa frumvarps.